

TÍMARIT LÖGRÉTTU

KRÖFUR ÞROTABÚS VEGNA ÓHEIMILLA ÚTHLUTANA ÚR FÉLAGI¹

Diljá Helgadóttir, lögfræðingur og LL.M. nemi við lagadeild Duke háskóla.

1. INNGANGUR	3
2. RIFTUNARREGLUR OG ENDURGREIÐSLUREGLUR GÞL.....	4
2.1 Almenn.....	4
2.2 Hlutverk riftunarreglna og þýðing frestdags.....	5
2.3 Efni og eðli riftunar.....	6
2.3.1 Réttarfarsleg atriði og flokkun riftunarreglna	6
2.3.2 Hlutlægar riftunarreglur	7
2.3.3 Huglægar riftunarreglur	7
2.4 Endurgreiðsla riftanlegrar ráðstöfunar	8
2.5 Málshöfðunarfrestir.....	9
3. LÁN OG TRYGGINGAR	11
3.1 Almenn.....	11
3.2 Almenna bannreglan	11
3.3 Nánar um ólögmetar lánveitingar	13
3.4 Afleiðingar ólögmetra lánveitinga og tryggingagerninga.....	17
4. ÓLÖGMÆTAR ARÐGREIÐSLUR	19
4.1 Almenn skilyrði og ákvörðun um arðsúthlutun	19
4.2 Ólögmetar arðgreiðslur	20
5. SAMNINGAR FÉLAGS VIÐ TENGDA AÐILA	21
5.1 Almenn.....	21
5.2 Tilgangur og gildissvið 95. gr. a. hfl.....	21
5.3 Málsmeðferð	22
5.4 Brot á 95. gr. a. hfl.	23
6. LOKAORÐ	25

KRÖFUR ÞROTABÚS VEGNA ÓHEIMILLA ÚTHLUTANA ÚR FÉLAGI

Útdráttur:

Markmið greinarinnar er að freista þess að varpa ljósi á þau lagaúrræði önnur en riftunarreglur laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. sem skiptastjóri getur beitt í því skyni að hámarka verðmæti þrotabús vegna óheimilla úthlutana úr félagi eða ef um er að ræða ógildan samning við tengdan aðila samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995 og laga um einkahlutafélög nr. 138/1994. Sé um að ræða ólögmetu úthlutun fjármuna úr félagi getur

¹ Grein þessi hefur staðist þær faglegu kröfur sem gerðar eru samkvæmt ritrýnireglum Tímarits Lögrétts.
Tímarit Lögrétts. Fræðigreinar, 2019.
Tengiliður: Halldóra Þorsteinsdóttir, halldorath@ru.is
Útgefandi: Tímarit Lögrétts.
Vefbirting: 1. október 2019.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

Þrotabú haft uppi kröfu um endurgreiðslu og dráttarvexti úr hendi þess er naut óheimillar úthlutunar eða tók þátt í framkvæmd hennar fyrir hönd félags og eftir atvikum krafist skaðabóta. Í vissum tilfellum kann jafnframt að reynast hagfelldara fyrir þrotabú að haga kröfugerð sinni með þeim hætti að þrotabú byggi aðallega á því að um óheimila úthlutun sé að ræða fremur en að beita riftunarreglum laga nr. 21/1991.

Sé ekki gætt að ófrávíkjanlegum formreglum laga nr. 2/1995 og laga nr. 138/1994 varðandi samninga félags við tengda aðila, hluthafa, móðurfélag hluthafa, stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra félags, sem nema að raunvirði 1/10 hlutafjár, binda slíkir samningar ekki félagið. Í ljósi þess að þrotabú tekur við öllum fjárhagslegum réttindum og skyldum við uppkvaðningu dómsúrskurðar um gjaldþrotaskipti sem annars hefðu fallið til félagsins má leggja til grundvallar að því sé mögulegt að hafa uppi kröfu um ógildingu samnings eða fara í skaðabótamál gangi greiðsla ekki til baka. Í þeim tilvikum þar sem framangreindum lagaúrræðum er beitt er þrotabú hvorki bundið af málshöfðunarfresti 148. gr. laga nr. 21/1991 né tímaskilyrðum riftunarreglnanna öðrum en þeim sem felast í reglum kröfuréttar um tómlæti og fyrningu, sbr. lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

BANKRUPTCY ESTATE CLAIMS FOR UNLAWFUL ALLOCATION OF FUNDS FROM A COMPANY

Abstract:

The aim of the Article is to shed light on the legal resources other than rescission rules of Act no. 21/1991 on Bankruptcy etc. that that a liquidator can apply to recover value during bankruptcy proceedings due to unlawful allocations of funds from a company or in the case of an invalid agreement with a related party in accordance with the provisions of the Public Limited Companies Act no. 2/1995 and the Private Limited Companies Act no. 138/1994. In case of unlawful allocation of funds from a company, a bankruptcy estate may have a claim for repayment and penalty interest from the party who received the unauthorised allocation or participated in its implementation on behalf of a company and, in some cases, a claim for damages. In certain cases, it may also be more beneficial for the bankruptcy estate to arrange their claims in such a way that it is mainly based on an unlawful allocation of funds rather than applying the rescission rules of Act no. 21/1991.

If the mandatory procedural rules of Act no. 2/1995 and Act no. 138/1994 regarding agreements between a company and related parties, shareholders, shareholders' parent companies, directors or managing director of a company, which, in actual value amount to 1/10 of the share capital, do not bind the company. In light of the fact that a bankruptcy estate takes over all financial rights and obligations following a court order for opening of bankruptcy proceedings which otherwise would have fallen to the company, it can be assumed that it is possible to claim annulment of such a contract or to claim damages if payments are not reversed. In cases where these legal resources are applied instead of the rescission rules of bankruptcy law, the bankruptcy estate is neither bound by the deadline to bring a rescission claim stated in Article 148 of Act no. 21/1991 or the time limits of the rescission rules, other than those contained in the Act no. 150/2007 on limitation periods for claims.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

1. INNGANGUR

Um langt árabíl hafa riftunarreglur XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. (hér eftir skammstöfuð „gþl.“) og áður samsvarandi reglur eldri laga verið helsta vopn skiptastjóra við endurheimt verðmæta við gjaldþrotaskipti. Á grundvelli reglna gþl. um riftun ráðstafana þrotamanns² getur skiptastjóri krafist þess að vissum ráðstöfunum þrotamanns, sem farið hafa fram áður en bú þrotamanns var tekið til gjaldþrotaskipta, verði hnekkkt. Hér getur verið um að ræða ráðstafanir sem leitt hafa til þess að einstakir kröfuhafar standa betur að vígi en aðrir og öðlast betri stöðu en þeir hefðu að öðrum kosti notið við gjaldþrotaskiptin.³ Ástæða þess að skiptastjóri þrotabús, eftir atvikum með fulltingi kröfuhafa þess, kann að telja æskilegt að freista þess að rifta ráðstöfun þrotamanns og krefjast endurgreiðslu frá þeim sem hafði hag af ráðstöfuninni er að skiptastjóra ber að leitast við að hámarka verðmæti þrotabús.

Sú aðstaða kann þó að vera fyrir hendi að ekki er unnt að hnekkja ráðstöfun þrotamanns á grundvelli riftunarreglna gþl. eða að skiptastjóra standa til boða önnur lagaúrræði til að endurheimta verðmæti sem kunna að leiða til hagfelldari niðurstöðu fyrir þrotabúið. Markmið greinarinnar er að freista þess að varpa ljósi á þau lagaúrræði önnur en riftun sem skiptastjóri getur beitt í því skyni að hámarka verðmæti þrotabús vegna óheimilla úthlutana úr félagi eða ef um er að ræða ógildan samning við tengdan aðila samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995 (hér eftir skammstöfuð „hfl.“) og laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 (hér eftir skammstöfuð „ehfl.“).

Annars vegar kann að vera að skiptastjóri geti krafist endurgreiðslu fjármuna sem hefur verið úthlutað með óheimilum hætti. Afar strangar reglur gilda um úthlutanir fjármuna úr hluta- og einkahlutafélögum. Óheimilt er að úthluta arði nema að uppfylltum lögákveðnum skilyrðum. Hluta- og einkahlutafélögum er einnig óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félags eða móðurfélags lán eða setja tryggingu fyrir þá. Í framkvæmd virðist nokkuð hafa borið á slíkum lántökum án þess að endurgreiðsla hafi farið fram eða verið ráðgerð. Hins vegar kunna samningar að vera ógildir á grundvelli sérákvæða hfl. eða ehfl. og því ekki bindandi fyrir félagið. Sé ekki gætt að ófrávíkjanlegum formskilyrðum framangreindra laga er hugsanlegt að þrotabú geti haft uppi kröfu um ógildingu

² Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. gþl. getur hugtakið þrotamaður átt bæði við um mann þegar bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta og verið notað um félög og stofnanir þegar bú þeirra hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta.

³ Einar Arnórsson, *Íslenzkur skiftaréttur (Handrit)*, Reykjavík 1924, 75; Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 15.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

samnings og endurgreiðslu verðmæta á þeim grundvelli. Ef ekki er mögulegt að láta greiðslur ganga til baka kemur til greina að krefjast þess í stað skaðabóta.

Til þess að ná markmiði greinarinnar er stuðst við *hina fræðilegu lagalegu aðferð* (e. *doctrinal method*).⁴ Því hafa sett lög og aðrar réttarheimildir, dómafordæmi og fræðiskrif verið rannsökuð.⁵ Í samræmi við það verður í öðrum kafla fjallað um riftunarreglur gþl. sem snúa að möguleikum þrotabús til þess að hnekkja ráðstöfunum sem þrotamaður hefur framkvæmt fyrir upphaf gjaldþrotaskipta. Greint verður frá hlutverki þeirra auk efni og eðli riftunar. Jafnframt verður vikið að endurgreiðslureglum gþl. og þýðingu málshöfðunarfrests í riftunarmálum. Í þriðja og fjórða kafla hennar verður fjallað um önnur lagaúrræði sem standa þrotabúi til boða við endurheimt fjármuna sem hefur verið úthlutað án heimildar úr félagi fyrir upphaf gjaldþrotaskipta, annars vegar vegna ólögðra lánveitinga og hins vegar vegna ólögðra arðgreiðslna. Sjónum verður beint að rétti þrotabús til þess að krefjast endurgreiðslu á þeim fjármunum sem hefur verið úthlutað úr félagi með óheimilum hætti með dráttarvöxtum eða eftir atvikum skaðabóta. Í fimmta kafla verður skoðað í hvaða tilvikum samningar félags við tengda aðila geti talist ógildir samkvæmt 95. gr. a. hfl. Vikið verður að lagaúrræðum skiptastjóra í því samhengi og hvaða afleiðingar ógildir samningar félags við tengda aðila geta haft í för með sér.

Að því leyti sem í greininni verða dregnar ályktanir eða komist að niðurstöðu um tiltekin efnisatriði mun slíkt vera gert jafnóðum og/eða stuttlega í lok hvers kafla samhengisins vegna. Það er því ekki aðeins í lokaorðum greinarinnar sem er að finna ályktanir og helstu niðurstöður, heldur koma þær einnig fram í meginmáli.

2. RIFTUNARREGLUR OG ENDURGREIÐSLUREGLUR GÞL.

2.1 Almenn

Í XX. kafla gþl. er sem fyrr segir að finna heimildir til riftunar tiltekinna ráðstafana þrotamanns og er um að ræða tæmandi talningu. Áður en til gjaldþrots kemur hefur skuldara oftast verið kunnugt um slæma fjárhagsstöðu sína í nokkurn tíma og ósennilegt er að honum takist að greiða skuldir eða standa skil á samningum við kröfuhafa. Við slíkar kringumstæður kann að vera að skuldari standi fremur skil á skuldum við kröfuhafa sem hann á í persónulegum tengslum við

⁴ Rannsókn sem byggir á *hinni fræðilegu lagalegu aðferð* á að veita „samfellda mynd af gildandi lögum“ auk þess að fela í sér nýnæmi og vera hæf til birtingar á ritrýndum vettvangi, sjá t.d. Aleksander Peczenik, „A Theory of Legal Doctrine“ *Ratio Juris* 2010, bls. 79 og Terry Hutchinson og Nigel Dunchan, „Defining and Describing What We Do: Doctrinal Legal Research“ *Deakin Law Review online* 2012.

⁵ Jan M. Smits, „What is legal doctrine? On the aims and methods of legal-dogmatic research“ [2015] Maastricht University Faculty of Law - Maastricht European Private Law Institute, 14-15.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

eða eru honum nákomnir. Slíkir aðilar kunna jafnframt að þrýsta á um greiðslu eða fara fram á betri tryggingu en þeir höfðu áður. Við þessar aðstæður kann einnig að vera hætt á að skuldari grípi til þess ráðs að skjóta eignum undan með það að markmiði að geta nýtt þær seinna. Framangreindar ráðstafanir sem skuldari grípur til í þessu skyni hafa verið taldar sérstaklega varhugaverðar⁶ enda kunna þær að rýra eignir búans og um leið raska jafnræði kröfuhafa og rýra möguleika þeirra til fullnustu krafna sinna.⁷ Skiptastjóri getur því að skilyrðum riftunarreglna gþl. fullnægðum rift þeim ráðstöfunum sem þrotamaður hefur framkvæmt skömmu fyrir upphaf skipta. Þá eru lögbundin skilyrði riftunar rýmri gagnvart aðilum sem eru nákomnir skuldara.

Þó umfjöllunarefni greinarinnar sé afmarkað við önnur lagaúrræði vegna óheimilla úthlutana úr þrotabúi með áherslu á ákvæði hfl. og ehfl. er samhengisins vegna nauðsynlegt að gera grein fyrir hlutverki riftunarreglnanna og þýðingu frestdags. Heimild til riftunar er jafnan háð því að ráðstöfun hafi verið framkvæmd á ákveðnu tímabili fyrir frestdag. Einnig verður vikið að reglum um endurgreiðslu riftanlegrar ráðstöfunar. Loks verður fjallað um málshöfðunarfresti í riftunarmálum.

2.2 Hlutverk riftunarreglna og þýðing frestdags

Það að kröfuhafar í þrotabúi njóti jafnræðis við úthlutun er grundvallarregla við gjaldþrotaskipti. Í þessu felst sú grundvallarhugsun gþl. að kröfuhafar njóti jafns réttar til greiðslna við úthlutun úr búinu.⁸ Frá meginreglunni er vikið með reglunum um skuldaröð, þó þær raski ekki því grundvallarsjónarmiði gþl. að gæta jafnræðis kröfuhafa. Til frekari skýringar á hlutverki riftunarreglna má segja að riftunarreglur geri þrotabúi kleift að ónýta með afturvirkum hætti ráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir mismunun kröfuhafa og draga fleiri eignir undir skiptin. Í þessu felst það markmið riftunarreglnanna að tryggja kröfuhöfum jafnan rétt til fullnustu, hvort sem að þau verðmæti sem endurheimt eru dugi til fullnustu krafna í heild eða að hluta.

Almennt er heimild til riftunar háð því að ráðstöfun hafi farið fram á tilteknu tímabili, þ.e. 6 til 24 mánuðum fyrir frestdag.⁹ Frestdagur er sá dagur sem héraðsdómara berst beiðni um heimild til gjaldþrotaskipta, sbr. 1. mgr. 2. gr. gþl. Ekki er óraunhæft að langur tími geti liðið

⁶ Stefán Már Stefánsson, *Íslenskur gjaldþrotaréttur*, Reykjavík 1982, 152-153; Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 65.

⁷ Ása Ólafsdóttir, „Almenn skilyrði riftunar við gjaldþrotaskipti“ í Valtýr Sigurðsson (ritstj.), Stefánsbók Rit til heiðurs Stefáni Má Stefánssyni (Fons Juris 2018) 3.

⁸ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 64.

⁹ Frá þessu eru þó undantekningar. Ákvæði 139. gr. gþl. tekur til ráðstafana eftir frestdag og 141. gr. felur ekki í sér tímanlegar viðmiðanir.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

frá frestdegi til úrskurðardags gjaldþrotaskipta, hafi skuldari t.d. farið í greiðslustöðvun eða nauðsammingsumleitanir áður en krafist var gjaldþrotaskipta¹⁰ eða ef upphaflegri kröfu um gjaldþrotaskipti hefur verið hafnað og nauðsynlegt hefur verið að gera nýja kröfu um gjaldþrotaskipti. Verður því að telja að það auki mjög áhrif riftunarreglna að miða við tiltekið tímabil fyrir frestdag fremur en úrskurðardag.

2.3 Efni og eðli riftunar

2.3.1 Réttarfarsleg atriði og flokkun riftunarreglna

Riftunarreglur gþl. gegna lykilhlutverki við endurheimt verðmæta í þrotabú. Eðli riftunar samkvæmt gþl. felur í sér að kröfugerð í dómsmáli um riftun ráðstafana getur ekki lotið að því að hnekkja þeim löggerningi, sem notaður hefur verið til þess að framkvæma hina riftanlegu ráðstöfun, heldur verður kröfugerðin að takmarkast við riftun þeirrar ráðstöfunar, sem beinlínis er riftanleg samkvæmt ákvæðum gþl. Í þessu felst til að mynda hafi skuld verið greidd með þeim hætti að skuldari og kröfuhafi hafi gert með sér kaupsamning þar sem skuldarinn skuldbatt sig til að selja og kröfuhafinn til að kaupa bifreið og að kaupverð hennar hafi verið greitt með kvittun kröfuhafa um greiðslu skuldarans á kröfu hans, þá myndi riftunarkrafan ekki beinast að fyrrnefndum kaupsamningi. Riftunarkrafan myndi einungis beinast að hinni riftanlegu ráðstöfun, þ.e. greiðslu á skuld með þeim hætti sem gert var.¹¹ Riftunarreglur gþl. eiga því fátt sameiginlegt með ógildingarreglum samningaréttar og riftunarreglum kröfuréttar og er framkvæmdin afar ólík.¹²

Skiptastjóri hefur forræði á því hvort krafist er riftunar. Samkvæmt dómvenju hefur tíðkast að kröfugerð í riftunarmálum sé tvíþætt. Annars vegar að krafist sé riftunar á tiltekinni ráðstöfun eftir riftunarreglum gþl., og hins vegar er sett fram fjárfkrafa um endurgreiðslu þeirra fjármuna sem um ræðir eftir reglum 142. gr. gþl., eða eftir atvikum skila samkvæmt ákvæðum 144. gr. gþl.¹³

Þá hefur verið talið rökrétt að flokka riftunarreglurnar með tvennum hætti. Annars vegar í hlutlægar riftunarreglur og huglægar riftunarreglur. Hins vegar eftir því hvort þær beinast að ráðstöfunum sem hafa falið í sér skerðingu á eignum skuldara, aukningu á skuldum hans, eða

¹⁰ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 20, 65.

¹¹ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 68.

¹² sama heimild 70-71; Sjá þó athyglisverð ummæli Hæstaréttar í *Hrd. 1. febrúar 2018 í máli nr. 720/2016*. Þar sagði að því leyti, sem ákvæði riftunarreglna XX. kafla gþl. fela ekki annað í sér, verða almennar reglur kröfuréttar að gilda um riftun á grundvelli þeirra, þar á meðal um áhrif yfirlýsingar um hana.

¹³ Í *Hrd. 24. febrúar 2011 í máli nr. 328/2010* var staðfest að þrotabú hefði lögvarða hagsmuni af því að fá leyst úr kröfu um riftun, þótt henni fylgdi ekki krafa um greiðslu úr hendi riftunarþola og vísaði þar til *Hrd. 30. apríl 1998 í máli nr. 309/1997*.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

mismunun milli kröfuhafa þannig að fullnusta á kröfum þeirra hefur reynst önnur en vera átti samkvæmt reglum gpl.¹⁴ Verður hér í framhaldinu vikið að fyrrnefndu flokkuninni.

2.3.2 Hlutlægar riftunarreglur

Hlutlægu riftunarreglurnar er að finna í 131. gr. – 138. gr. gpl., en þær miða við að sá sem ráðstöfunar nýtur kann að vera grandlaus um að gjaldþrot skuldara sé yfirvofandi. Sem dæmi um ráðstafanir sem unnt er að rifta á grundvelli hinna hlutlæga riftunarreglna eru gjafagerningar (131. gr.),¹⁵ arfsafsal og afsal á rétti við fjárslit (132. gr.), greiðslur launa o.fl. til nákominna (133. gr.) og greiðsla á skuld með óvenjulegum greiðslueyri (134. gr.). Við beitingu hlutlægu riftunarreglnanna er rýmri tímafrestur þegar um er að ræða ráðstafanir til nákominna. Í tilviki gjafagerninga er fresturinn t.d. 24 mánuðir ef í hlut á aðili nákominn skuldara, sbr. 2. mgr. 131. gr. gpl. Ástæðan fyrir þessu er sú að talið hefur verið að meiri líkur séu á að um sé að ræða gjafagerning þegar ráðstöfun er til nákominna, sbr. t.d. *Hrd. 27. febrúar 2014 í máli nr. 664/2013* og *Hrd. 29. nóvember 2012 í máli nr. 208/2012*.

2.3.3 Huglægar riftunarreglur

Huglægu riftunarreglurnar eru í 139. gr. og 141. gr. gpl. Þær eru huglægar að því leyti að skilyrði er að sá sem hafði hag af ráðstöfuninni hafi verið grandsamur. Í 139. gr. er gerð krafa um grandsemi þess er fékk greiðslu um að fram hafi komið beiðni um heimild til greiðslustöðvunar, til að leita nauðasamnings eða krafa um gjaldþrotaskipti. Samkvæmt 141. gr. þarf sá sem hag hafði af ráðstöfun að hafa verið grandsamur um tilvist þeirra skilyrða sem lýst er í ákvæðinu. Skilyrði um grandsemi lýtur samkvæmt þessu að þeim sem hag hafði af ráðstöfun en á hinn bóginn skiptir ekki máli hvort skuldaranum sjálfum var eða mátti vera kunnugt um að skilyrði ákvæðisins hafi verið til staðar á þeim tíma sem ráðstöfun fór fram.

Meginreglan samkvæmt 1. mgr. 139. gr. gpl. er að greiðsla skuldar eftir frestdag sé riftanleg nema þær undantekningarreglur sem koma fram í ákvæðinu eigi við um greiðslu hennar. Ákvæði 141. gr. gpl. felur í sér að krefjast má riftunar ráðstafana sem eru ótilhlýðilegar með þeim hætti sem lýst er í ákvæðinu og hins vegar að sá sem naut ráðstöfunarinnar hafi verið grandsamur. Með hliðsjón af dómaframkvæmd má draga þá ályktun að ráðstafanir gagnvart nákomnum verði fremur taldar ótilhlýðilegar en gagnvart öðrum ótengdum aðilum, sbr. *Hrd.*

¹⁴ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 74.

¹⁵ Sala á yfirverði kann að vera gjafagerningur, sbr. t.d. *Hrd. 29. nóvember 2012 í máli nr. 208/2012*, *Hrd. 7. febrúar 2013 í máli nr. 457/2012* og *Hrd. 10. september 2015 í máli nr. 3/2015*. Sala á undirverði kann einnig að vera gjafagerningur, sbr. t.d. *Hrd. 6. desember 2001 í máli nr. 210/2001* auk niðurfelling ábyrgða, sbr. t.d. *Hrd. 10. maí 2012 í máli nr. 518/2011*.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

30. mars 2010 í máli nr. 427/2009. Hvað varðar seinna skilyrðið má einnig leggja til grundvallar að nákomnir verði frekar taldir grandsamir um fjárhag skuldara en einhverjir sem ekki standa í slíkum tengslum við þrotamann.¹⁶ Þá felur 141. gr. gþl. ekki í sér tímanlegar viðmiðanir, sbr. t.d. *dóm Landsréttar 9. nóvember 2018 í máli nr. 181/2018* þar sem unnt var að rifta ráðstöfunum á grundvelli 141. gr. gþl. sem áttu sér stað rúmum 43 mánuðum fyrir frestdag.

2.4 Endurgreiðsla riftanlegrar ráðstöfunar

Af endurgreiðslureglum XX. kafla gþl. leiðir að sá sem þarf að þola riftun, skal endurgreiða þrotabúi fé sem svarar til þeirra verðmæta er hann hlaut, en þó aldrei meira en sem nemur tjóni búsin. Þegar stuðst er við endurgreiðslureglur 142. gr. gþl. um óréttmæta auðgun er litið til hagsmuna riftunarþola, og krafan færð til fjárhæðar sem auðgun hans hefur numið.¹⁷ Ef riftun fer fram með stoð í 131. gr. – 138. gr. gþl. á riftunarþoli að greiða þrotabúinu fé sem svarar til þess sem greiðsla þrotamannsins hefur orðið honum að notum, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur tjóni búsin. Þetta getur þó leitt til þess að fallist sé á riftun en sýknað af fjárkröfu, hafi riftunarþoli ekki auðgast á hinni riftanlegu ráðstöfun. Einnig hefur verið talið að draga verði frá endurgreiðslukröfu verðmæti þeirra hagsbóta sem þrotamaður hefur notið úr hendi riftunarþola eftir ráðstöfun, sbr. t.d. *Hrd. 19. febrúar 2015 í máli nr. 483/2014* og *Hrd. 5. október 2006 í máli nr. 81/2006*. Verður því að líta til þess hvort um hafi verið að ræða áframhaldandi viðskipti við þrotamann þar sem riftunarþoli hefur afhent þrotamanni verðmæti eftir hina riftanlegu ráðstöfun en ekki fengið andvirði þeirra greitt við gjaldþrot. Framangreind auðgunarregla á ekki við ef krafa um riftun er byggð á 139. eða 141. gr. gþl., eða ef um er að ræða grandsemi eða saknæma háttsemi. Þá skipta afdrif verðmæta ekki máli vegna fjárkröfunnar. Gæti þrotabúið þá átt rétt á skaðabótum þrátt fyrir að enginn auðgun hafi átt sér stað. Skaðabótakröfur eru almennt hærri þar sem þær miða við það tjón sem búið hefur orðið fyrir og þannig stöðu þrotabúsins en ekki auðgun riftunarþola.¹⁸

Í 1. og 3. mgr. 142. gr. gþl. eru reglur sem kveða á um að ef sá, sem ráðstöfunar hefur notið, sé grandsamur um riftanleika hennar, þó svo að riftun fari fram á grundvelli hlutlægra riftunarreglna, þá eigi hann að greiða þrotabúinu skaðabætur, svo og ef riftun fer fram á grundvelli 139. gr. eða 141. gr. gþl. Séu skilyrði fyrir því að krefjast endurgreiðslu auðgunar eða skaðabóta, þá hefur þrotabú val um það hvors það krefst. Gengið hefur verið út frá því að

¹⁶ Benedikt Bogason, „Um hugtakið nákomnir í gjaldþrotarétti“ *Úlfjótur* 2016, 105, 111.

¹⁷ Ása Ólafsdóttir, „Almenn skilyrði riftunar við gjaldþrotaskipti“ í Valtýr Sigurðsson (ritstj.), *Stefánsbók Rit til heiðurs Stefáni Má Stefánssyni* (Fons Juris 2018) 7.

¹⁸ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 196.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

ekki eigi að skipta máli fyrir bótakröfu þrotabús, ef hlutur hefur skemmst eða farist af tilviljun eða verið stolið. Slíkt á að vera á ábyrgð riftunarþolans.¹⁹ Er því hægt að krefjast skaðabóta úr hendi riftunarþolans að því gefnu að háttsemi hans sé saknæm. Yrði því slík krafa byggð á reglum skaðabótaréttarins.

Gæta þarf að því að samkvæmt 142. gr. gþl. skal kröfu um endurgreiðslu vera beint að þeim aðila sem var ívilnað með ráðstöfuninni. Við vissar aðstæður er unnt að krefjast endurgreiðslu úr hendi þriðja manns sem fengið hefur verðmæti framseld, sbr. 146. gr. gþl. Kröfugerðin er því með þeim hætti að krafist er riftunar á tiltekinni ráðstöfun og síðan sett fram fjárfkrafa sem miðast annað hvort við (a) endurgreiðslu auðgunar þess sem þarf að þola riftun ellegar (b) skaðabætur vegna tjóns búsins. Reglan kemur skýrt fram í *Hrd. 20. desember 2007 í máli nr. 212/2007* þar sem kröfugerðin var byggð upp á sama grundvelli og hér er lýst, sbr. 142. gr. gþl. Auk þess beindi þrotabú VP ehf. skaðabótakröfu að fyrrum framkvæmdastjóra félagsins og var vísað til almennra reglna skaðabótaréttar. Í málinu var ekki fallist á að beina fjárkröfunni, er laut að endurgreiðslu auðgunar vegna riftunar, að öðrum en félaginu T ehf. sem hafði hag af ráðstöfuninni. Allt að einu taldi dómurinn að fyrrum framkvæmdastjóri VP ehf. skyldi bera ábyrgð in solidum með félaginu á greiðslu hinnar óréttmætu auðgunar á grundvelli almennu skaðabótareglunnar og 1. mgr. 134. gr. hfl. Við sakarmatið lagði dómurinn áherslu á stöðu framkvæmdastjórans í viðskiptunum og taldi að ekki yrðu leiddir í ljós hagsmunir af umræddum viðskiptum aðrir en framkvæmdastjórans persónulega.

2.5 Málshöfðunarfrestir

Líkt og áður hefur komið fram ná flestar riftunarreglur XX. kafla gþl. eingöngu til ráðstafana sem framkvæmdar hafa verið innan nánar tilgreinds tímabils fyrir eða eftir frestdag.²⁰ Heimildir þrotabús til riftunar eru jafnframt háðar þeim takmörkunum að höfða verður dómsmál innan málshöfðunarfrests 148. gr. gþl. Segir í 1. mgr. ákvæðisins að ef höfða þurfi dómsmál til að koma fram riftun skuli það gert áður en sex mánuðir eru liðnir frá því að skiptastjóri átti þess kost að gera riftunarkröfuna. Frestur þessi byrjar þó aldrei að líða fyrir en við lok kröfulýsingarfrests. Rökin fyrir því að stuðst er við þetta tímamark eru fyrst og fremst þau að það er fyrst þá sem skiptastjóra verður ljóst hverjir hafi hagsmuna að gæta í þrotabúinu og hverjir kunni að ábyrgjast greiðslu kostnaðar af dómsmáli.²¹ Í dómaframkvæmd hefur síðan

¹⁹ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 204.

²⁰ Hafa ber í huga að 141. gr. gþl. fellur utan hér en ákvæðið gerir engan áskilnað um að ráðstöfun hafi átt sér stað á tilteknum tíma fyrir frestdag.

²¹ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 221.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

þróast sú regla að málshöfðunarfrestur byrji ekki að líða fyrir en á fyrsta skiptafundi ef þrotabú hefur ekkert handbært fé til að standa að málsókn. Ástæðan fyrir þessu er sú að á fyrsta skiptafundi getur skiptastjóri borið undir kröfuhafa hvort þeir vilji ábyrgjast kostnað af málsókn, sbr. *Hrd. 19. nóvember 2013 í máli nr. 703/2013* og *Hrd. 27. ágúst 2015 í máli nr. 495/2015*.²²

Að baki málshöfðunarfresti 148. gr. gþl. búa þau rök að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir óvissu viðsemjanda þrotamanns um hvort þrotabú muni una ráðstöfun hans sem fram fór fyrir upphaf gjaldþrotaskipta. Með málshöfðun til riftunar á ráðstöfun þrotamanns lýsir þrotabú skýrri afstöðu sinni til slíkrar ráðstöfunar, þótt máli sé síðan vísað frá dómi eða það fellt niður. Líta verður svo á að við frávísun eða niðurfellingu máls sem þrotabú hefur höfðað til riftunar á ráðstöfun þrotamanns hefjist aftur sex mánaða frestur handa því til að höfða nýtt mál í sama skyni, sbr. *Hrd. 1. september 2003 í máli nr. 257/2003*. Málshöfðunarfrestur telst rofinn þegar mál hefur verið höfðað, þ.e. með birtingu stefnu, sbr. 93. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Ef mál til riftunar tiltekinnar ráðstöfunar er ekki höfðað innan málshöfðunarfrests 148. gr. gþl. verður riftun ekki fram komið, hvorki gegn þeim er ráðstöfun naut né þriðja manni.²³ Sé mál höfðað eftir að málshöfðunarfrestur er liðinn hefur í dómaframkvæmd verið lagt til grundvallar að það skuli sæta frávísun, sbr. t.d. sbr. *Hrd. 30. mars 2006 í máli nr. 155/2006*. Á hinn bóginn má benda á *Hrd. 22. september 2008 í máli nr. 469/2008* þar sem var staðfest að máli verður ekki vísað frá *ex officio* sé þing sótt af hálfu þess sem nýtur ráðstöfunarinnar og ef sá aðili hefur ekki uppi málsástæður sem lúta að málshöfðunarfresti.

Aðstæður kunna að vera með þeim hætti að ekki sé hægt að krefjast riftunar samkvæmt XX. kafla gþl. og endurgreiðslu auðgunar eða skaðabóta við endurheimt verðmæta við gjaldþrotaskipti á grundvelli ákvæða kaflans. Einnig getur verið að önnur lagaúrræði kunni að leiða til betri niðurstöðu fyrir þrotabúið eða að unnt sé að beina málsókn að fleirum en einungis riftunarþola. Kemur þá til skoðunar hvaða lagaúrræðum unnt sé að beita við slíkar aðstæður. Í samræmi við markmið greinarinnar verða hfl. og ehfl. skoðuð og ákvæði þeirra laga um rétt til endurgreiðslu fjármuna sem hefur verið úthlutað með ólögumætum hætti eða ráðstafað á grundvelli sammings við tengda aðila sem reynist ógildur. Leitast verður við að gera grein fyrir umræddum lagaúrræðum í næstu köflum.

²² Sambærilega niðurstöðu er að finna í *Hrd. 30. júní 1992 í máli nr. 257/1992* og *Hrd. 3. nóvember 1995 í máli nr. 357/1995*.

²³ Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011, 224.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

3. LÁN OG TRYGGINGAR

3.1 *Almennt*

Meginreglan um úthlutun fjármuna félags til hluthafa kemur fram í 98. gr. hfl. og 73. gr. ehfl. Reglan felur í sér að óheimilt er að úthluta af fjármunum félags til hluthafa nema það fari eftir reglum um arðsúthlutun, sem endurgreiðsla vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita.²⁴ Úthlutun af fjármunum félags getur einungis farið fram í þessum lögbundnu tilvikum. Aðrar leiðir til úthlutunar fjármuna úr félögum eru óheimilar og ber þeim hluthafa sem nýtur slíkrar úthlutunar að endurgreiða félaginu fjármunina með vöxtum, sbr. 1. mgr. 102. gr. og 4. mgr. 104. gr. hfl. Jafnframt getur honum verið gert að sæta skattlagningu og greiða tekjuskatt af hinni óheimilu úthlutun.²⁵ Þegar krafist er endurgreiðslu vegna óheimillar úthlutunar er þrotabú hvorki bundið af málshöfðunarfresti né tímaskilyrðum riftunarreglna gþl. Þá þarf hvorki að sýna fram á gjafatilgang samkvæmt 131. gr. gþl. né ógjaldfærni.

Í ljósi framangreinds vaknar sú spurning hvort þrotabú geti haft uppi kröfu um endurgreiðslu og dráttarvexti úr hendi þess er naut óheimillar úthlutunar eða öðrum þeim er komu að framkvæmd hennar. Í þessum kafla verður leitast við að svara þeirri spurningu. Einnig verður leitast við að svara því hvort beiting þessara lagaúrræða kunni að leiða til hagfelldari niðurstöðu fyrir þrotabú en notkun riftunarreglna gþl.

3.2 *Almenna bannreglan*

Í 1. mgr. 104. gr. hfl. er kveðið á um að hlutafélagi sé hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélagi þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Félag má ekki heldur veita lán eða setja tryggingu fyrir þann sem giftur er eða er í óvígðri sambúð með einhverjum fyrrgreindra aðila eða er skyldur þeim að feðgatali eða niðja eða stendur hlutaðeigandi að öðru leyti sérstaklega nærri.²⁶ Sambærilegt ákvæði er að finna í 79. gr. ehfl.

Bannreglan nær bæði til tryggingagerninga og lána. Með tryggingagerningum er einkum átt við veðtryggingar eða tryggingar í formi einfaldrar ábyrgðar. Til lána telst greiðsla peningaupphæðar, ígildis hennar eða fjárhagslegra verðmæta með áskilnaði um endurgreiðslu peningagreiðslunnar, ígildis hennar eða skil á verðmætunum. Hugtakið lán nær jafnframt til

²⁴ Sjá nánar um sjóði og ráðstöfun þeirra í: Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur*, Reykjavík 2013, bls. 212-235.

²⁵ Stefán Már Stefánsson: „Sjóðir hlutafélaga, færsla þeirra og upplausn“ *Tímarit lögfræðinga* 2016, bls. 663, 666; Sjá einnig *úrskurð yfirskattanefndar í máli nr. 307/2014*.

²⁶ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur*, bls. 227.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

láns til þriðja manns ef hann er að efna skyldu gagnvart hluthafa.²⁷ Peningalán eða ígildi þeirra geta t.d. verið í formi ávísana, víxla, skuldabréfa eða hlutabréfa.²⁸ Jafnframt má hafa hliðsjón af skilgreiningu Hæstaréttar á hugtakinu lán samkvæmt 1. mgr. 104. gr. hfl. í *Hrd. 5. júní 2008 í máli nr. 385/2007*, en þar sagði:

Að virtu framangreindu verður að beita þeirri skýringu að hlutafélag teljist hafa veitt lán í skilningi 1. mgr. 104. gr. laga nr. 2/1995 *ef það hefur greitt hluthafa í því, stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra peningaupphæð eða ígildi hennar eða látið af hendi til einhvers þeirra önnur fjárhagsleg verðmæti með áskilnaði um endurgreiðslu peningaupphæðarinnar eða ígildis hennar eða skil á verðmætunum.* (áherslubr. höf.)

Í forsendum Hæstaréttar sagði ennfremur að leggja mætti þetta að jöfnu við ef hlutafélag hefði með sama áskilnaði greitt peningaupphæð eða ígildi hennar til þriðja manns eða afhent honum önnur fjárhagsleg verðmæti til að efna skyldu, sem hvílt hefði gagnvart honum á hluthafa, stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra í félaginu.

Samkvæmt niðurlagi 1. mgr. 104. gr. hfl. nær ákvæðið ekki til venjulegra viðskiptalána. Er hér átt við greiðslukortaviðskipti eða lán til félaga, sem eru hluthafar, ef þau eru liður í viðskiptum og venjubundin í félaginu og almennt í slíkum félögum. Bann ákvæðisins nær á hinn bóginn ekki til almennra lántaka þó þeir verði síðar hluthafar viðkomandi félags eða áhrifamenn í því. Ekki verður séð af fræðiskrifum eða dómaframkvæmd að skýr skil séu á milli venjulegra viðskiptalána til hluthafa eða annarra trúnaðarmanna félags og ólögmetra lána til þeirra.²⁹ Á þetta reyndi í *Hrd. 13. júní 2013 í máli nr. 705/2012*. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var að þessu leyti af Hæstarétti með vísan til forsendna, var lagt til grundvallar að peningalán sem veitt væri í því skyni að lántaki gæti bætt tap þriðja aðila í viðskiptum teldist ekki til venjulegra viðskiptalána. Þá gæti peningalán til eiganda og stjórnanda félags sem hann notaði til að fjármagna rekstur annarra félaga í sinni eigu ekki heldur talist venjulegt viðskiptalán. Umræddar greiðslur voru því taldar ólögmet lán sem fyrrum framkvæmdastjóra bæri að endurgreiða, sbr. 4. mgr. 79. gr. ehfl.

Að baki bannreglunnar búa þau rök að koma verði í veg fyrir að hagsmunir kröfuhafa og hluthafahópsins skarist.³⁰ Þá hefur notkun fjármuna félagsins til að lána hluthöfum og fyrrgreindum trúnaðarmönnum þess ekki verið talin til þess fallin að styðja starfsemi félagsins

²⁷ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur*, bls. 228.

²⁸ Alþt. 1994-1995, A-deild, þskj. 100 – 97. mál, Um 104. gr.

²⁹ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur*, bls. 228.

³⁰ Eilís Ferran, *Principles of Corporate Finance Law*, New York 2008, bls. 269; Søren Friis Hansen, Jens Valdemar Krenchel, *Dansk selskabsret 1 inledning til selskabsretten*, Kaupmannahöfn 2006, bls. 124.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

og slíkt gæti einnig auðveldlega orðið leið til óréttmæts hagnaðar lántaka á kostnað félagsins eða kröfuhafa þess.³¹ Ákvæðinu er því ætlað að vernda hagsmuni hluthafa og kröfuhafa.

Í kjölfar þess að bú félags er tekið til gjaldþrotaskipta kann skiptastjóri að koma auga á óvenjulegar tilfærslur fjármuna úr félaginu t.d. við skoðun á reikningsyfirlitum eða viðskiptamannareikningum. Verður nú gerð nánari grein fyrir ólögmætum lánveitingum og afleiðingum þeirra.

3.3 Nánar um ólögmætar lánveitingar

Hugtakið lán í skilningi 1. mgr. 104. gr. hfl. er sem fyrr segir afar víðtækt. Af dómaframkvæmd má ráða að það hefur verið talið ná yfir ýmsar ráðstafanir og gerninga. Má í þessu sambandi t.d. nefna í fyrsta lagi millifærslur og peningaúttektir af reikningum félags til tengdra aðila, svo sem hluthafa, stjórnenda eða annarra þeirra sem kunna að vera tengdir hluthöfum samkvæmt 1. mgr. 104. gr. hfl. Jafnframt kann að vera um einkaneyslu að ræða sem ekki hefur verið færð í bókhaldi félagsins. Í öðru lagi getur verið um að ræða kaup á vörum og þjónustu með greiðslukorti félags sem yfirleitt eru bókfærð. Geta slík útgjöld verið vegna matarinnkaupa, ferðakostnaðar, iðgjalda af tryggingum o.s.frv. Þá getur í þriðja lagi verið um að ræða gjaldfærðan rekstrarkostnað sem í raun er einkakostnaður eigenda eða stjórnenda félags, svo sem vegna kaupa á tækjabúnaði sem ekki er að finna í þrotabúi og hefur aðeins verið nýttur í þágu eigenda eða stjórnenda.

Mikilvægt er að skiptastjóri þekki helstu tegundir gerninga og ráðstafana sem falla undir gildissvið ákvæðisins svo hann geti tekið afstöðu til þess hvort unnt sé að endurheimta þau verðmæti sem hefur verið úthlutað úr félagi með ólögmætum hætti. Nánar verður fjallað um afleiðingar ólögmætra lánveitinga og tryggingagerninga í kafla 3.4. Verður nú vikið að nokkrum dæmum úr dómaframkvæmd í því skyni að greina enn frekar hvaða gerningar og ráðstafanir kunni að falla undir hugtakið lán í skilningi fyrrnefndra lagaákvæða.

Í *Hrd. 13. júní 2013 í máli nr. 705/2012* reyndi m.a. á það hvort (a) peningalán úr sjóðum félags, (b) notkun á kreditkorti vegna greiðslu áskriftar að fjölmiðlum og greiðslur vegna trygginga og lífeyris o.fl., (c) skuldafærsla á viðskiptareikningi vegna sölu á bifreið sem var skráð eign félagsins, (d) vöruúttektir sem bókfærðar voru sem skuld á viðskiptareikningi og (e) gjaldfærður rekstrarkostnaður vegna einkakostnaðar í tengslum við utanlandsferð og gleraugnakaup H, fyrrum framkvæmdastjóra og stjórnarformanns félagsins, teldust óheimilar lánveitingar í skilningi 79. gr. ehfl. Af hálfu þrotabús félagsins D ehf. var krafist endurgreiðslu

³¹ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur*, bls. 228; Sjá einnig: Davíð Þorláksson, „Sjálfsfjármögnunarbann: Um 2. mgr. 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995“ *Úlfjótur* 2004, bls. 623-630.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

á umræddum ráðstöfunum með vísan til 4. mgr. áðurnefnds ákvæðis. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, var lagt til grundvallar að hluti fyrrgreindra greiðslna hefðu falið í sér óheimilar lánveitingar í skilningi 1. mgr. 79. gr. ehfl.

Varðandi notkun á kreditkorti D ehf. vísaði héraðsdómur til þess að H hefði stöðu sinnar vegna borið ábyrgð á því að bókhald félagsins hefði verið fært með réttum hætti, sbr. 5. gr. laga um bókhald nr. 145/1994 (hér eftir skammstöfuð „bhl.“). Var vísað til þess að þegar D ehf. hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta hefði viðskiptamannareikningur H borið með sér að hann skuldaði félaginu fjármuni vegna notkunar á kreditkorti félagsins. Umræddar færslur væru réttilega færðar til bókar í bókhaldi D ehf. sem skuld H við félagið enda hefði honum ekki tekist að færa sönnur á að rétt hefði verið að gjaldfæra þær í bókhaldi þess.

Hvað varðar skuldfærslu á viðskiptareikningi H vegna sölu á bifreið sem hafði verið í eigu D ehf. þá taldi héraðsdómur upplýst með yfirlýsingu söluaðila bifreiðarinnar að veittur hefði verið afsláttur af söluverði hennar sem næmi þeirri fjárhæð sem skuldfærð hafði verið á viðskiptareikning H. Því hefði átt að færa þann lið til gjalda í rekstri félagsins en ekki sem skuld á viðskiptareikningi H. Var kröfu þrotabúsins því hafnað að því leyti.

Að því er vöruúttektir H varðaði lá fyrir að þær höfðu verið færðar sem skuld á viðskiptareikning hans hjá D ehf. H byggði þó á því að ekki hefði verið um ólögmatar lánveitingar að ræða, heldur kostnað vegna kynningar- og þróunarmála hjá félaginu. Færslurnar hefðu ranglega verið færðar á viðskiptareikning hans. Héraðsdómur vísaði sem fyrr til þess að H hefði borið að sjá til þess að bókhald D ehf. væri fært með réttum hætti. Hann hefði ekki fært fram nein sönnunargögn sem gætu hnekkt því sem bókhald félagsins bæri með sér um þessar færslur. Aftur á móti taldi héraðsdómur að ekki hefði fyllilega verið leitt í ljós að um væri að ræða lán í skilningi 79. gr. ehfl. Var H því gert að endurgreiða fjárhæð þeirra með vísan til meginreglunnar um efndir fjárskuldbindinga.

Í málinu var einnig deilt um þrjár færslur sem þrotabúið taldi vera einkakostnað H. Um var að ræða greiðslu kostnaðar vegna gleraugnakaupa, ferðar til Tenerife og ferðar á matvælasýningu í Bandaríkjunum. Héraðsdómur taldi að ekki hefðu verið færðar sönnur á að samið hefði verið um að félagið myndi greiða kostnað vegna gleraugnakaupa fyrrum framkvæmdastjórans. Jafnframt var talið ósannað að utanlandsferð á þekktan sumardvalarstað hefði verið farin í þágu félagsins. Var því talið að sá kostnaður gæti ekki talist eðlilegur rekstrarkostnaður og fallist var á með þrotabúinu að H bæri að endurgreiða kostnað vegna þessara tveggja liða með vísan til 4. mgr. 79. gr. ehfl. Hvað kostnað vegna ferðar til Bandaríkjanna varðaði var talið nægilega fram komið að sú ferð hefði verið farin ásamt öðrum starfsmönnum félagsins. Hefði þrotabúið ekki fært viðhlítandi sönnur fyrir því að kostnaður

TÍMARIT LÖGRÉTTU

vegna hennar hefði verið ranglega færður til gjalda í bókhaldi félagsins og var kröfu þrotabúsins hafnað.

Í málinu var einnig deilt um þrjár færslur sem þrotabúið taldi vera einkakostnað H. Um var að ræða greiðslu kostnaðar vegna gleraugnakaupa, ferðar til Tenerife og ferðar á matvælasýningu í Bandaríkjunum. Héraðsdómur taldi að ekki hefðu verið færðar sönnur á að samið hefði verið um að félagið myndi greiða kostnað vegna gleraugnakaupa fyrrum framkvæmdastjórans. Jafnframt var talið ósannað að utanlandsferð á þekktan sumardvalarstað hefði verið farin í þágu félagsins. Var því talið að sá kostnaður gæti ekki talist eðlilegur rekstrarkostnaður og fallist var á með þrotabúinu að H bæri að endurgreiða kostnað vegna þessara tveggja liða með vísan til 4. mgr. 79. gr. ehfl. Hvað kostnað vegna ferðar til Bandaríkjanna varðaði var talið nægilega fram komið að sú ferð hefði verið farin ásamt öðrum starfsmönnum félagsins. Hefði þrotabúið ekki fært viðhlítandi sönnur fyrir því að kostnaður vegna hennar hefði verið ranglega færður til gjalda í bókhaldi félagsins og var kröfu þrotabúsins hafnað.

Í þessu sambandi má einnig hafa hliðsjón af *dómi Landsréttar 1. febrúar 2019 í máli nr. 215/2018*.³² Í málinu krafðist þrotabúi P ehf. greiðslu úr hendi G, fyrrum eiganda, framkvæmdastjóra, prókúruhafa og stjórnarmanns félagsins, vegna úttekta í hans þágu. Í dómi Landsréttar var fallist á með þrotabúinu að skuld G á viðskiptamannareikningi hans hjá P ehf. hefði falið í sér óheimila lánveitingu, sbr. 1. mgr. 79. gr. ehfl. Þá féllst Landsréttur á með þrotabúinu P ehf. að millifærslur af reikningi P ehf. inn á reikning G hefðu falið í sér óheimilar lánveitingar í skilningi fyrrnefnds ákvæðis. Í málinu var einnig deilt um 83 færslur á banka- og kreditkortareikning P ehf. sem þrotabúið taldi að ættu rætur að rekja til einkaneyslu G. Í dómi Landsréttar var vísað til þess að færslurnar ættu það flestar sameiginlegt að engir reikningar fylgdu þeim í bókhaldi félagsins. Samkvæmt 5. gr. bhl. hefði G borið ábyrgð á því að bókhald félagsins væri fært með réttum hætti. Færslurnar væru flestar augljóslega þess eðlis að geta ekki tengst atvinnurekstri P ehf. enda væri m.a. um að ræða greiðslur fyrir fatnað, lyf, persónulega þjónustu, nám G, ferðakostnað og neyslu erlendis. Þá væri um að ræða umtalsverð innkaup í matvöru- og húsbúnaðarverslunum en líta yrði til þess að G hefði ekki gefið trúverðugar skýringar á þeim. Var því fallist á með þrotabúinu P ehf. að um óheimilar lánveitingar hefði verið að ræða að undanskilinni einni færslu sem talið var að G hefði skýrt með fullnægjandi hætti. Loks gerði þrotabúið kröfu um greiðslu vegna tækja og búnaðar sem

³² Sambærilega niðurstöðu er að finna í *dómi Héraðsdóms Reykjaness 28. nóvember 2017 í máli nr. E-1051/2016*. Málinu var þó vísað frá Landsrétti samkvæmt *dómi Landsréttar 1. febrúar 2019 í máli nr. 216/2018* vegna vanreifunar.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

gjaldfærður hafði verið í bókhaldi félagsins en hafði ekki verið til staðar við upphaf gjaldþrotaskipta. Í dómi Landsréttar var litið til þess að G hafði í skýrslutöku tjáð fulltrúa skiptastjóra að félagið hefði gefið tveimur starfsmönnum sína tölvuna hvorum og að prentara sem félagið hafði haft á leigu hefði verið skilað. Talið var að skiptastjóri hefði ekki kannað með fullnægjandi hætti hvort þessar skýringar ættu við rök að styðjast og því var kröfu um greiðslu vegna þessara hluta hafnað. Varðandi önnur tæki og búnað byggði G á því að hann hefði keypt þau á hálfvirði með vísan til kaupsamnings sem hann lagði fram í málinu. Taldi Landsréttur ósannað að endurgjald hefði komið fyrir umrædd tæki og búnað og var því fallist á greiðslukröfu þrotabús P ehf. með vísan til meginreglna kröfuréttarins um efnidir fjárskuldbindinga. Í ljósi þess að um var að ræða notaðan búnað féllst Landsréttur á kröfu G um lækkun á kröfu þrotabús P ehf. að þessu leyti. Var fjárhæð kröfunnar ákveðin að álitum og miðuð við 50% af bókfærðu kaupvirði.

Af framangreindum tveimur dómum má draga þá ályktun að við mat dómstóla á því hvort ráðstafanir hafi falið í sér ólögmætar lánveitingar sé m.a. litið til innihalds ráðstafana og hvernig þær hafa verið færðar í bókhaldi viðkomandi félags. Í þessu felst þó ekki að heiti færslu eitt og sér ráði úrslitun og geti orðið þess valdandi að ólögmæt færsla teljist lögmæt. Hafi ráðstafanir t.d. verið færðar til skuldar á viðskiptareikningi framkvæmdastjóra félags má leiða líkur að því að um ólögmætar lánveitingar sé að ræða. Hafa dómstólar í þessu sambandi vísað til þess að samkvæmt 5. gr. bhl. beri framkvæmdastjóri ábyrgð á því að bókhald félags sé fært með réttum hætti. Af þeim sökum beri hann sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða og því að færslur sem færðar hafa verið til skuldar séu í raun annars eðlis. Dómstólar virðast einnig líta til þess hvort ráðstöfun standi í nánum tengslum við þann atvinnurekstur sem félag hefur með höndum og hvort ráðstöfun geti talist hafa verið framkvæmd í þágu félagsins. Sé sú ekki raunin virðist sönnunarbyrði þar um velt yfir á þann er þeirra naut. Þannig var í *Hrd. 13. júní 2013 í máli nr. 705/2012* lagt til grundvallar að fyrrum framkvæmdastjóri félagsins bæri sönnunarbyrði fyrir því að samið hefði verið um að félagið myndi greiða kostnað vegna gleraugnakaupa og að ferð á þekktan sumardvalarstað hafi verið farin í þágu félagsins. Að mati höfundar virðist mat dómstóla á því hvað teljist eðlilegur rekstrarkostnaður félags vera í samræmi við skilgreiningu skattaréttarins á rekstrarkostnaði samkvæmt 31. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og reglugerð nr. 483/1994 um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Í a-lið 1. gr. reglugerðarinnar kemur fram að til rekstrarkostnaðar teljist hvorki útgjöld til eignakaupa eða annarra fjárfestinga, né útgjöld til einkaparfa, nema að því marki sem þau eru talin til tekna samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar sem fjallar um laun og annan starfsmannatengdan kostnað. Er þar lagt til grundvallar að til rekstrarkostnaðar teljist

TÍMARIT LÖGRÉTTU

starfsmannaferðir og verður að telja ljóst að utanlandsferð á sumardvalarstað, eins og greinir í framangreindum dómi, falli ekki þar undir.

Eins og fyrr segir er þrotabú hvorki bundið af málshöfðunarfresti né tímaskilyrðum riftunarreglna gþl. þegar krafist er endurgreiðslu vegna óheimillar úthlutunar. Þá þarf hvorki að sýna fram á gjafatilgang samkvæmt 131. gr. gþl. né ógjaldfærni. Með hliðsjón af framangreindum dómum telur höfundur vel koma til greina að þrotabú geti haft hagsmuni af því að byggja kröfu um greiðslu aðallega á reglum um óheimilar úthlutanir en byggja til vara á meginreglum kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga, einkum í tilvikum þar sem ekki er hægt að beita riftunarreglum gþl. Getur þrotabú með þeim hætti fengið dóm um fjárkröfu þrátt fyrir að dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að tiltekin ráðstöfun hafi ekki falið í sér ólögmæta úthlutun eða að sönnun takist ekki þar um enda getur þrotabú eftir sem áður átt rétt á greiðslu samkvæmt meginreglum kröfuréttarins. Í þessu sambandi þarf þrotabú einungis að sýna fram á að það eigi gjaldkræfa kröfu á hendur viðkomandi.

Að auki vísast til *Hrd. 8. júní 2017 í máli nr. 584/2016*. Þar hafði þrotabú S ehf. stefnt A, eiganda 82% hlutafjár í félaginu og varamanni í stjórn þess, og P, sem gegnt hafði stöðu framkvæmdastjóra og stjórnarmanns félagsins, og krafist endurgreiðslu á fjármunum sem hafði verið úthlutað úr félaginu með millifærslum á reikning A. Af hálfu A og P var því haldið fram að félagið hefði fært umrædda fjármuni inná reikninga sem voru formlega skráðir á A vegna þess óvissuástands sem ríkti hér á landi í kjölfar bankahrunsins. Í dómi Hæstaréttar var litið til þess að færslurnar hefðu verið bókaðar sem úttektir A, reikningarnir væru á hennar nafni og enginn samningur hefði verið gerður um að fjármunirnir væru í eigu S ehf. eða að A skyldi geyma þá fyrir félagið. Þá hefði hvorki verið samið um ráðstöfunarrétt fjárins né lagt bann við því að A myndi nýta það sjálf. Var því talið að um væri að ræða óheimila lánveitingu til A í skilningi 1. mgr. 79. gr. ehfl. Bæri A því að endurgreiða peningaúttektirnar, sbr. 4. mgr. 79. gr. ehfl. Þar sem P hafði annast fjármál félagsins og framkvæmd úttektanna var fallist á með þrotabúi S ehf. að hann skyldi bera einfalda ábyrgð á skuld A við þrotabúið, sbr. 5. mgr. 79. gr. ehfl.³³

3.4 Afleiðingar ólögmætra lánveitinga og tryggingagerna

Sem fyrr greinir er í 1. mgr. 104. gr. hfl. að finna bann hlutafélags við lánveitingum til hluthafa, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra eða móðurfélags þess eða öðrum sem standa hlutaðeigandi

³³ Sjá einnig til hliðsjónar *Hrd. 17. maí 2018 í máli nr. 325/2017* og *dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 2019 í máli nr. E-2377/2018* varðandi endurgreiðslu ólögmætrar lánveitingar samkvæmt ákvæðum ehfl.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

aðilum nærri líkt og nánar er rakið í ákvæðinu. Þannig kann að fara að umræddir aðilar hlutist til um lánveitingar á betri kjörum en óháðum aðilum stæðu til boða. Að mati höfundar verður að telja að sérstök hættu sé á slíku í tilviki einkahlutafélaga þar sem sami einstaklingur er í senn eini hluthafi félagsins, framkvæmdastjóri og stjórnarmaður enda liggja þá allir þræðir í sömu hendi.

Í 4. mgr. 104. gr. hfl. kemur fram að hafi félag innt af hendi greiðslur í tengslum við þær ráðstafanir sem hafa verið nefndar og eru andstæðar 1. mgr. sama ákvæðis skal sá er þeirra naut endurgreiða þær með dráttarvöxtum. Í ákvæðinu er ekki tekið af skarið um frá hvaða tímabili unnt sé að krefjast dráttarvaxta. Að mati höfundar kemur til greina að miða upphaf dráttarvaxtakröfu við þann dag er mánuður er liðinn frá því að skuldari var sannanlega krafinn um endurgreiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu en í öllu falli við þann dag er dómsmál, er höfðað sbr. 4. mgr. sama ákvæðis. Af dómaframkvæmd verður síðan ráðið að ekki sé útilokað að miða upphaf dráttarvaxtakröfu við fyrra tímamark. Þannig var í *Hrd. 13. júní 2013 í máli nr. 705/2012* fallist á endurgreiðslukröfu þrotabús en upphafstími dráttarvaxta miðaðist við þann dag er úrskurður hafði verið kveðinn upp um gjaldþrotaskipti félagsins. Í *Hrd. 8. júní 2017 í máli nr. 584/2016* miðaðist upphafstími dráttarvaxtakröfu við þann dag er síðasta ólögsmæta úthlutunin sem krafist var endurgreiðslu á var framkvæmd og var fallist á þá kröfu. Af síðarnefndum dómi virðist mega ráða að unnt sé að miða upphaf dráttarvaxtakröfu við þann dag þegar ráðstöfun sem krafist er endurgreiðslu á var framkvæmd. Þó ber að hafa í huga að dráttarvaxtakröfunni var ekki mótmælt. Hafi verið um fleiri en eina ráðstöfun að ræða getur þrotabú miðað við þann dag þegar síðasta ráðstöfunin var framkvæmd.

Á hinn bóginn verður að telja að ekki sé auðvelt að finna þessu stoð í lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Höfundur telur að fara verði varlega í að draga of víðtækar ályktanir af ofangreindu þar sem niðurstaðan kynni að hafa orðið önnur ef upphafstíma dráttarvaxta hefði verið sérstaklega mótmælt. Til samanburðar má benda á að í riftunarmálum er litið svo á að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 geti endurgreiðslukrafan ekki borið dráttarvexti fyrir en að liðnum mánuði frá því að þrotabú krafðist fyrst greiðslunnar, sbr. *Hrd. 20. september 2018 í máli nr. 644/2017*.

Ef ekki er unnt að fá fjármuni endurgreidda eða afturkalla tryggingu eru þeir sem framkvæmdu slíkar ráðstafanir persónulega ábyrgir fyrir tapi félagsins, sbr. 5. mgr. 104. gr. hfl. Af dómaframkvæmd verður ráðið að þrotabú getur í einu og sama málinu krafist endurgreiðslu úr hendi þess er naut tiltekinnar ráðstöfunar og viðurkenningar á persónulegri ábyrgð þess eða þeirra er hana framkvæmdu fyrir hönd félagsins, sbr. *Hrd. 8. júní 2017 í máli nr. 584/2016*. Sé fallist á slíkar kröfur þrotabús getur það fyrst krafist endurgreiðslu úr hendi þess er naut

TÍMARIT LÖGRÉTTU

ráðstöfunar en verði vanefndir af hans hálfu er unnt að krefja þann eða þá er hana framkvæmdu um endurgreiðslu á grundvelli hinnar einföldu ábyrgðar. Telur höfundur því að slík kröfugerð sé til þess fallin að auka líkur þrotabús á endurheimt verðmæta og kunni að leiða til hagfelldari niðurstöðu fyrir þrotabú en riftunarreglur gþl. Þá kann að vera auðveldara að sanna að um óheimila lánveitingu hafi verið að ræða fremur en að ráðstöfun sé riftanleg. Ástæðan fyrir því er m.a. sú að þrotabú þarf ekki að sýna fram á gjafatilgang samkvæmt 131. gr. gþl., um að um sé að ræða greiðslu til nákominna né ógjaldfærni. Einnig þarf ekki að huga að tímaskilyrðum og málshöfðunarfresti riftunarreglnanna. Framangreint leiðir jafnframt í ljós að þrotabú geti haft uppi aðalkröfu um endurgreiðslu fjármuna samkvæmt 4. mgr. 104. gr. hfl. og varakröfu um riftun eftir því sem það telur þjóna hagsmunum sínum best hverju sinni.

Varðandi þær varnir sem má búast við er athyglisvert að í *dómi Landsréttar 1. febrúar 2019 í máli nr. 215/2018* var fallist á gagnkröfu G að hluta til skuldajafnaðar vegna ógreiddra launa. Ekki er hægt að koma slíkum kröfum að ef ekki liggja fyrir gögn þeim til stuðnings, sbr. m.a. *Hrd. 13. júní 2013 í máli nr. 705/2012*. Á hinn bóginn ber að hafa í huga þær sérreglur sem fram koma í 100. gr. gþl. en þær eiga það sammerkt að þrengja möguleika til skuldajafnaðar við gjaldþrot. Ekki verða skilyrði ákvæðisins þó rakin frekar hér. Með sama hætti gæti sá er naut ráðstöfunar haldið því fram að hann eigi fjárkröfu á hendur félaginu á öðrum grundvelli t.d. vegna ábyrgðarskuldbindingar, sbr. *dóm Landsréttar 1. febrúar 2019 í máli nr. 215/2018*. Eins getur verið að sá sem fær ráðstöfunina haldi því fram að um venjuleg viðskiptalán sé að ræða í skilningi 1. mgr. 104. gr. hfl. en slíkt þarf að meta hverju sinni, sbr. áðurreifaðan *Hrd. 13. júní 2013 í máli nr. 705/2012*. Framangreint leiðir jafnframt í ljós að aðilar kunna að halda því fram að bókfærðar lánveitingar séu í raun rekstrarkostnaður sem hafi verið ranglega færður á viðskiptamannareikning félags.

4. ÓLÖGMÆTAR ARÐGREIÐSLUR

4.1 Almenn skilyrði og ákvörðun um arðsúthlutun

Ef hlutafélag er rekið með hagnaði getur sá hagnaður orðið grundvöllur þess að hluthöfum sé greitt endurgjald fyrir að hafa látið áhættufé ganga til félagsins í formi hlutafjár. Fé það sem heimilt er að nota til arðsúthlutunar er flokkað í þrjá flokka samkvæmt 1. mgr. 99. gr. hfl., sbr. 1. mgr. 74. gr. ehfl. Samkvæmt ákvæðinu þarf að gæta vissra sameiginlegra reglna sem eru forsendur þess að arðsúthlutun fari fram. Arður getur átt rót að rekja til hagnaðar frá fyrri árum og einnig til frjálsra sjóða sem myndast hafa í félaginu vegna annarra ástæðna. Hugtakið frjálsir sjóðir er notað um þá sjóði sem hvorki eru bundnir samkvæmt ákvæðum laga né samþykka

TÍMARIT LÖGRÉTTU

félags.³⁴ Óráðstafað eigið fé telst til frjálsra sjóða, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Má því leggja til grundvallar að það þurfi að vera til staðar óráðstafað eigið fé sem nemur í hið minnsta fjárhæð arðgreiðslunnar.

Við arðsúthlutun er mikilvægt að gætt sé framangreindra reglna, því ekki er mögulegt undir neinum kringumstæðum að knýja fram greiðslur úr sjóðum félags handa sjálfum sér, svo lögmætt sé, nema í samræmi við framangreindar reglur.³⁵ Í þessu samhengi ber einnig að gæta ákvæða 101. gr. hfl., sbr. 76. gr. ehfl., en hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögu þess efnis.³⁶ Hér er því um tvöfalt öryggi að ræða þar sem hluthafafundur getur ekki einn tekið ákvörðun um arðsúthlutun heldur verður stjórn félagsins að leggja fram tillögu í þá átt. Af framangreindu er ljóst að arðsúthlutun er ávallt háð ákveðnum skilyrðum. Séu þau ekki uppfyllt er um óheimila úthlutun fjármuna að ræða.

4.2 Ólögmetar arðgreiðslur

Skiptastjóri getur þurft að sannreyna hvort arðgreiðslur félags hafi verið í samræmi við lög. Hafi arðgreiðsla farið fram andstætt ákvæðum hfl. skulu hluthafar endurgreiða það sem þeir hafa tekið við ásamt hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum, sbr. 1. mgr. 102. gr. hfl. Þetta gildir ekki um úthlutun arðs ef hluthafinn hvorki vissi né mátti vita að greiðslan var ólögmet. Hluthafanum er á hinn bóginn skylt að endurgreiða hafi ólögmet greiðsla farið fram í öðrum tilvikum og er þá ekki talið skipta máli hvort hann hafi verið grandlaus.³⁷ Fáist féð ekki endurgreitt, skulu þeir sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna eða framkvæmd hennar bera skaðabótaábyrgð samkvæmt ákvæðum XV. kafla hfl., sbr. 2. mgr. 102. gr. hfl. Í þessu sambandi verða almenn skilyrði skaðabótaábyrgðar jafnframt að vera uppfyllt.³⁸ Þrotabúi er því mögulegt að innheimta kröfur af því tagi sem hér eru nefndar eða fara í skaðabótamál. Ekki verður þó séð að á það hafi reynt í dómaframkvæmd.

Hafi ólögmetar arðgreiðslur farið fram er einnig mögulegt að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 76. gr. eða 95. gr. hfl. Kynnu stjórnendur félags þannig að hafa bakað sér skaðabótaskyldu samkvæmt 134. gr. hfl. með töku ákvarðana sem færu í bága við hagsmuni félagsins. Einnig er mögulegt að móðurfélag geti bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart dótturfélagi, og þrotabúi

³⁴ Erik Werlauff, *Selskabsret*, Kaupmannahöfn 2006, bls. 255-256; Søren Friis Hansen, Jens Valdemar Krenchel, *Dansk selskabsret I inledning til selskabsretten*, bls. 183.

³⁵ Stefán Már Stefánsson: „Sjóðir hlutafélaga, færsla þeirra og upplausn“ *Tímarit lögfræðinga* 2016, bls. 663, 666-667.

³⁶ Eirik Werlauff, *Generalforsamling og beslutning en aktieretlig studie i generalforsamlingsbeslutningers indhold, tilblivelse og anføgtelse*, Kaupmannahöfn 1983, bls. 508-509; Søren Friis Hansen, Jens Valdemar Krenchel, *Lærebog i selskabsret II : kapital-selskaber*, Kaupmannahöfn 2000, bls. 183.

³⁷ Stefán Már Stefánsson, *Hlutafélagaréttur*, bls. 219, 226.

³⁸ Morten Samuelsson, Kjeld Søgaard, *Bestyrelsesansvaret*, Kaupmannahöfn 1997, bls. 296.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

Þess, verði talið að það hafi beitt sér fyrir óheimilli úthlutun fjármuna úr dótturfélaginu. Þá getur þrotabú einnig farið í riftunarmál vegna ráðstafana sem þessara, sbr. *Hrd. 4. desember 2014 í máli nr. 786/2013* en höfða þarf slíkt mál innan tímamarka riftunarreglna XX. kafla gþl. að því gefnu að 139. gr. gþl. eða hin almenna riftunarregla 141. gr. gþl. eigi ekki við.

5. SAMNINGAR FÉLAGS VIÐ TENGDA AÐILA

5.1 Almenn

Það er almennt á valdi félagsstjórnar og framkvæmdastjóra að taka ákvarðanir um samninga félags við þriðja aðila. Í 95. gr. a. hfl. er að finna undantekningu á þessu fyrirkomulagi. Ákvæðið kveður á um að samningar við tengda aðila, þ.e. hluthafa, móðurfélags hluthafa, stjórnarmann eða framkvæmdastjóra félags, sem nema að raunvirði 1/10 af hlutfé, binda félagið ekki nema að fengnu samþykki hluthafafundar. Áður en hluthafafundur tekur ákvörðun verður stjórn að hafa aflað og sent hluthöfum sérfræðiskýrslu þar sem t.d. kemur fram yfirlýsing þess efnis að samræmi sé á milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær í staðinn. Undir ákvæðið falla ekki samningar sem eru gerðir í tengslum við venjulegan rekstur félags og samningar sem að raunvirði eru undir fjórum milljónum króna, sem er lágmark hlutfjár í hlutafélögum.³⁹ Ákvæðinu var bætt við hfl. með lögum nr. 68/2010 og á sér fyrirmynd í norskum lögum um hlutafélög (n. *Lov om aksjelskaper 13. júní 1997 nr. 14*).⁴⁰ Sambærilegt ákvæði gildir um einkahlutafélög, sbr. 70. gr. a. ehfl.

Ástæða umfjöllunarinnar um 95. gr. a. hfl. er sú að hér er um að ræða eitt af þeim lagaúrræðum sem skiptastjóra standa til boða til að endurheimta verðmæti þrotabús. Fyrst verður fjallað um gildissvið 95. gr. a. hfl. þar sem reynt verður að skýra frá því til hvaða samninga það tekur og hvaða aðilar falla undir ákvæðið. Næst verður vikið að málsmeðferðarreglum ákvæðisins og hverjar séu skyldur stjórnar og hluthafafundar í því samhengi. Loks verður fjallað um hvaða afleiðingar brot á ákvæðinu hafa í för með sér.

5.2 Tilgangur og gildissvið 95. gr. a. hfl.

Tilgangur 95. gr. a. hfl. er að verja hagsmuni hluthafa og kröfuhafa félags. Í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 68/2010 kemur fram að reglunni sé ætlað að koma í veg

³⁹ Freyr Björnsson, „Samningar félags við tengda aðila: um 95. gr. a. í lögum um hlutafélög nr. 2/1995“ *Tímarit lögfræðinga* 2014, bls. 69.

⁴⁰ Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 960 – 569. mál, Um 13. gr.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

fyrir að vísvitandi séu gerðir óhagstæðir samningar við tengda aðila á kostnað félagsins.⁴¹ Samkvæmt þessu verður að telja að reglunni sé ætlað að koma í veg fyrir að fjármunir séu færðir úr félagi í formi viðskipta með þeim hætti að óeðlilegar ráðstafanir séu klæddar í búning hefðbundinna viðskiptaráðstafana.

Mögulegt er að skiptastjóri geti beitt ákvæðinu ef í ljós kemur að verðmætum hafi verið ráðstafað úr félagi fyrir úrskurðardag með óeðlilegum hætti undir yfirskini viðskipta, t.d. með ráðstöfun eigna til tengdra aðila á undirverði. Ákvæði 95. gr. a. hfl. nær til samninga félags sem nema að raunvirði minnst 1/10 af hlutafé á undirritunartíma. Hverskonar samningar félags um kaup, sölu, skuldajöfnuð, skipti, lán eða leigu á hvers kyns eignum eða þjónustu falla undir ákvæðið. Ekki hefur verið talið skipta máli hvort samningar séu gerðir munnlega eða skriflega.⁴² Þá eru í 1.-6. tölul. 1. mgr. 95. gr. a. hfl. taldir upp samningar sem ekki falla undir regluna.

Hafa ber í huga að samkvæmt 4. mgr. 95. gr. a. hfl. tekur ákvæðið einnig til samninga sem félagið hefur gert við aðila sem er nákominn hluthafa eða nákominn móðurfélagi hluthafa eða einhvern þeirra sem fram kemur samkvæmt samningi eða tilgreindur er í 1. mgr. ákvæðisins. Við samningu ákvæðisins var litið til skilgreiningar á hugtakinu nákominn samkvæmt 3. gr. gþl.⁴³

5.3 Málsmeðferð

Stjórn ber að taka ákvörðun um hvort samningur falli undir 95. gr. a. hfl. og ber henni því að tryggja að fyrir hendi séu verklagsreglur um það hvernig metið skuli hvort samningar falli undir ákvæðið.⁴⁴ Sé það mat stjórnar að leggja beri samning fyrir hluthafafund skal hún samkvæmt 2. mgr. 95. gr. a. hfl. afla sérfræðiskýrslu í samræmi við 6. gr., sbr. 6. gr. a- 6. gr. c. og 7-8. gr. sem skal geyma yfirlýsingu þess efnis að samræmi sé á milli greiðslu félagsins og þess endurgjalds sem félagið fær, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. hfl.

Ákvæði 95. gr. a. hfl. gildir um hvers kyns samninga milli félags og tengdra aðila sem falla undir gildissvið ákvæðisins. Í því sambandi getur þurft að meta framlag félagsins, framlag mótaðila eða bæði framlögin ef við á. Slíkt hefur í það minnsta verið lagt til grundvallar í

⁴¹ Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 960 – 569. mál, Um 13. gr.

⁴² Freyr Björnsson, „Samningar félags við tengda aðila: um 95. gr. a. í lögum um hlutafélög nr. 2/1995“ *Tímarit lögfræðinga* 2014, bls. 69, 74; Thomas Abrahamsen og Sindre Aase, „Aksjeloven/almennaksjeloven § 3–8 – en regel om avtaler mellom selskap og aksjonær“ *Nordisk Tidsskrift for Selskapsrett* 2007, bls. 65, 76.

⁴³ Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 960 – 569. mál, Um 13. gr.

⁴⁴ Stig Berge, Lars Eirik Gåseide Røså, *Avtaler med aksjeeiere mv.*, Kaupmannahöfn 2015, bls. 65.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

norskum rétti.⁴⁵ Af orðalagi ákvæðisins verður að telja að við gerð sérfræðiskýrslunnar beri að meta verðmætin á undirritunartíma samningsins. Eftir að sérfræðiskýrslan hefur verið útbúin skal hún fylgja fundarboði til hluthafafundar og send hlutafélagaskrá, sbr. niðurlag 2. mgr. 95. gr. hfl. Gefur slíkt hluthöfum tækifæri á að kynna sér skýrsluna og taka afstöðu í kjölfarið. Í framhaldinu skal haldinn hluthafafundur þar sem skýrslan er lögð fram til staðfestingar. Sé ekki gætt að þessari framkvæmd eru þeir samningar sem falla undir ákvæðið ógildir, sbr. 3. mgr. 95. gr. a. hfl. Ef skiptastjóri fær upplýsingar um að gerðir hafa verið samningar sem falla undir gildissvið ákvæðisins er honum rétt að kanna hvort málsmeðferð hafi verið fyllilega í samræmi við þau fyrirmæli sem ákvæðið hefur að geyma. Hafi ekki verið gætt að þessum ófrávíkjanlegu formreglum leiðir slíkt til ógildingar og er viðkomandi samningur óskuldbindandi fyrir félag.

5.4 Brot á 95. gr. a. hfl.

Þeir samningar sem falla undir 95. gr. a. hfl. en eru ekki samþykktir af hluthafafundi binda eigi félagið og skulu greiðslur því ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Ákvæði 102. gr. hfl. um endurgreiðslu ólögmetrar úthlutunar af fjármunum félags gilda eftir því sem við á. Þetta leiðir af 3. mgr. 95. gr. a. hfl. Svo kann þó að vera að ekki sé mögulegt að greiðslur gangi til baka, t.d. ef verðmætin hafa farið forgörðum, orðið verðlaus eða verið fullnýtt. Væri í slíkum tilvikum unnt að fara í skaðabótamál en í 2. mgr. 102. gr. hfl., sem vísað er til í 3. mgr. 95. gr. a., segir að fáist fé ekki endurgreitt skuli þeir sem átt hafa þátt í ákvörðun um greiðsluna, framkvæmd eða samþykkt, bera skaðabótaábyrgð samkvæmt 134. gr. og 135. gr. hfl.

Ekki er mælt sérstaklega fyrir um það í ákvæðinu hverjir geti byggt rétt sinn á því fyrir dómstólum. Með vísan til 96. gr. hfl. gætu hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar sem hefur verið tekin með ólögmetum hætti eða brýtur í bága við hfl. eða samþykktir félagsins. Samkvæmt ákvæðinu skal höfða mál innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin. Sé ákvörðun á hinn bóginn ólögmet á slíkur málshöfðunarfrestur ekki við, jafnvel þótt samþykki allra hluthafa liggi fyrir, sbr. 3. mgr. 96. gr. hfl. Vísast í þessu sambandi til *Hrd. 16. mars 2017 í máli nr. 302/2016* þar sem hluthafi höfðaði mál á grundvelli 71. gr. ehfl., sem er samhljóða 96. gr. hfl. Byggði hluthafinn kröfu sína m.a. á því að ákvörðun hluthafafundar félagsins S ehf. um staðfestingu kaupsamnings um sölu á öllum rekstri og eignum félagsins væri ógildur þar sem ekki hefði legið fyrir

⁴⁵ Thomas Abrahamsen og Sindre Aase, „Aksjeloven/almennaksjeloven § 3–8 – en regel om avtaler mellom selskap og aksjonær“ *Nordisk Tidsskrift for Selskapsrett* 2007, bls. 65, 359.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

sérfræðiskýrsla, sbr. 2. mgr. 70. gr. a. ehfl. Hæstiréttur féllst á kröfu hluthafans um að ógilda samninginn og sagði m.a.:

Þau réttaráhrif þess, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 71. gr. laganna, eru að ákvörðunin telst ógild og hana skuli ómerkja. Þá felst í 3. mgr. 70. gr. a. og vísan í þeirri málsgrein til 77. gr. laganna að greiðslur, hafi þær verið inntar af hendi, skuli ganga til baka með tilgreindum hætti sé það unnt, en sé það útilokað er í 2. mgr. 77. gr. mælt fyrir um úrræði, sem kostur er að grípa til.

Af dómnum má draga þá ályktun að hluthafa er tækt að krefjast ógildingar samnings sem gerður hefur verið í andstöðu við 95. gr. a. hfl. þrátt fyrir að hafa ekki verið aðili að samningnum. Þá verður einnig að telja að félag geti haft uppi kröfu samkvæmt ákvæðinu enda er það sjálft aðili að samningi auk þess sem um er að ræða ráðstöfun á hagsmunum þess. Þar sem þrotabú tekur við öllum fjárhagslegum réttindum og skyldum við uppkvaðningu dómsúrskurðar um gjaldþrotaskipti sem ella hefðu fallið til félagsins má að mati höfundar færa rök fyrir því að unnt geti verið að hafa uppi kröfu samkvæmt 95. gr. a. hfl. með sama hætti. Á það reyndi í *Hrd. 20. janúar 2016 í máli nr. 807/2015*. Í málinu krafðist þrotabú GM framleiðslu hf. þess aðallega að viðurkennt yrði með dómi að kaupsamningur sem gerður hafði verið á milli GM framleiðslu hf. og G ehf. hefði verið og væri óskuldbindandi fyrir þrotabúið og að G ehf. yrði gert skylt að afhenda þrotabúinu allar eignir, réttindi og verðmæti sem höfðu verið andlag kaupsamningsins að viðlögðum dagsektum. Til vara krafðist þrotabúið riftunar á þeirri ráðstöfun sem falist hafði í kaupsamningnum á grundvelli 131. gr. gþl. og afhendingu þeirra sömu eigna og getið var um í aðalkröfu að viðlögðum dagsektum. Í báðum tilvikum krafðist þrotabúið skaðabóta óskipt úr hendi K, fyrrum framkvæmdastjóra GM framleiðslu ehf., og G ehf. Til þrautavara krafðist þrotabúið riftunar en í stað skila á eignum kæmu skaðabætur.

Aðalkrafa þrotabúsins byggði m.a. á því að kaupsamningurinn væri ógildur og óskuldbindandi þar sem ófrávíkjanlegar reglur hfl. hefðu verið virtar að vettugi. Þar sem kaupsamningurinn hefði ekki verið borinn undir ákvörðun hlutahafafundar samkvæmt 95. gr. a. hfl. myndi hann ekki binda félagið. Hæstiréttur taldi að þótt aðalkrafa þrotabúsins væri klædd í búning kröfu um ógildingu kaupsamningsins þá fæli hún í raun í sér kröfu um riftun hans samfara skilum á eignum, réttindum og verðmætum sem samningurinn tæki til. Þar sem þrotabúið tefldi fram riftunarkröfu til vara í málinu þá hefði það ekki lögvarða hagsmuni af því að hafa aðalkröfuna uppi og því var henni vísað frá dómi.

Af dómnum má draga þá ályktun að þrotabú geti byggt á 95. gr. a. hfl. en ekki sé unnt í sama dómsmáli að byggja annars vegar á 95. gr. a. og hins vegar riftunarreglum gþl. og hafa uppi

TÍMARIT LÖGRÉTTU

kröfu um skil á verðmætum, jafnvel þó slíkt sé gert með aðal- og varakröfu. Sú niðurstaða er umhugsunarverð einkum af þeirri ástæðu að þrátt fyrir að úrræðin kunni að leiða til sömu niðurstöðu þá eru skilyrði þeirra ólík. Ákvæði 95. gr. a. felur í sér ófrávíkjanleg formskilyrði er varða þær ráðstafanir sem falla undir gildissvið ákvæðisins. Séu þau formskilyrði ekki uppfyllt er samningur bæði ógildur og óskuldbindandi fyrir félagið. Einfaldara ætti því að vera fyrir þrotabú að byggja á 95. gr. a. heldur en að færa sönnur fyrir því að efnisskilyrði riftunarreglna gþl. séu uppfyllt. Því telur höfundur að færa megi rök fyrir því að þrotabú hafi einmitt hagsmuni af því að byggja bæði á 95. gr. a. hfl. og riftunarreglum gþl. enda er það til þess fallið að auka líkur á endurheimt verðmæta.

6. LOKAORÐ

Meginmarkmið greinarinnar var að varpa ljósi á önnur lagaúrræði en riftunarreglur gþl. sem skiptastjóri getur beitt við endurheimt verðmæta við gjaldþrotaskipti og þá einkum að því er varðar hfl. og ehfl. Hlutverk skiptastjóra felst m.a. í að yfirfara ráðstafanir félags sem gerðar hafa verið fyrir uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti með það að markmiði að greina hvort þær kunni að hafa verið óvenjulegar eða til þess fallnar að rýra verðmæti búsins. Tilgangurinn er að tryggja að markmið gjaldþrotaskipta um að kröfuhafar njóti jafns réttar við úthlutun úr þrotabúi nái fram að ganga.

Helstu niðurstöður eru þær að skiptastjóri er mögulegt að beita reglum hfl. og ehfl. um endurgreiðslu ólögmetra úthlutana úr félagi auk þess að gera kröfu um endurgreiðslu eða skaðabætur vegna samnings sem fellur undir 95. gr. a. hfl., sbr. 70. gr. a. ehfl. Í þeim tilvikum þar sem framangreindum lagaúrræðum er beitt er þrotabú hvorki bundið af málshöfðunarfresti 148. gr. gþl. né tímaskilyrðum riftunarreglnanna öðrum en þeim sem felast í reglum kröfuréttar um tómlæti og fyrningu, sbr. lög um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.

Varðandi óheimila úthlutun fjármuna þá er ljóst að hlutafélagi er óheimilt að lána hluthöfum, stjórnarmönnum, framkvæmdastjórum eða móðurfélagi þess eða öðrum sem stendur hlutaðeigandi aðilum nærri, sbr. 104. gr. hfl. Hið sama á við um einkahlutafélag, en að mati höfundar má leggja til grundvallar að aukin hætta skapist á óeðlilegum úthlutunum úr félagi þegar sami einstaklingur er framkvæmdastjóri, eini hluthafi og stjórnarmaður félags. Hugtakið lán í skilningi framangreinds ákvæðis nær yfir ýmsar ráðstafanir og gerninga. Má í fyrsta lagi leggja til grundvallar að millifærslur og peningaúttektir af reikningum félags til tengdra aðila séu lán í skilningi ákvæðisins. Í öðru lagi á slíkt við um útgjöld vegna kaupa á vörum og þjónustu með greiðslukorti félags sem gjarnan eru gjaldfærð hjá félaginu þrátt fyrir að þau falli til annarra aðila. Þá hefur í þriðja lagi verið talið að gjaldfærður rekstrarkostnaður

TÍMARIT LÖGRÉTTU

sem í raun er einkakostnaður eigenda eða stjórnenda félags falli undir ákvæðið. Hafi ráðstafanir verið færðar til skuldar á viðskiptareikningi framkvæmdastjóra félags má telja að slíkt gefi vísbendingu um ólögmatar lánveitingar. Með hliðsjón af dómaframkvæmd hefur við mat á því verið lagt til grundvallar að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á að bókhald félags sé í réttu horfi og hafi verið fært samkvæmt lögum. Séu fyrir hendi ráðstafanir sem beri merki þess að vera ólögmatar lánveitingar þá hefur sönnunarbyrði um hið gagnstæða verið lögð á framkvæmdastjóra. Svo hægt sé að taka afstöðu til þess í þrotabúi hvort unnt sé að endurheimta verðmæti sem hefur verið úthlutað úr félagi er þýðingarmikið að skiptastjóri þekki helstu tegundir gerninga og ráðstafana sem falla undir ákvæðið.

Það kann að reynast hagfelldara fyrir þrotabúi að haga kröfugerð sinni með þeim hætti að það byggi aðallega á því að um óheimila úthlutun sé að ræða fremur en að beita riftunarreglum gþl. Af dómaframkvæmd má ráða að einfaldara getur reynst að sanna að um óheimila lánveitingu hafi verið að ræða fremur en að ráðstöfun sé riftanleg þar sem nauðsynlegt kann að vera að sýna fram á gjafatilgang samkvæmt 131. gr. gþl. eða ógjaldfærni samkvæmt 141. gr. sömu laga. Til vara getur þrotabúi byggt á riftunarreglum gþl. eða reglum kröfuréttar um efnidir fjárskuldbindinga. Þessu til viðbótar getur þrotabúi krafist þann er fékk ólögmatra lánveitingu bæði um endurgreiðslu höfuðstóls og dráttarvexti, sbr. 4. mgr. 104. gr. hfl. Til þess að auka líkur á endurheimt verðmæta getur jafnframt verið hagfellt fyrir þrotabúi að krefjast í einu og sama málinu endurgreiðslu úr hendi þess er naut tiltekinnar ráðstöfunar og viðurkenningar á persónulegri ábyrgð þess eða þeirra er framkvæmdu hana fyrir hönd félagsins, sbr. *Hrd. 8. júní 2017 í máli nr. 584/2016*. Í slíkum tilvikum er ekki kveðið á um upphafstíma dráttarvaxtakröfu í 104. gr. hfl. og er dómaframkvæmd ekki samhljóða að þessu leyti. Með hliðsjón af dómaframkvæmd telur höfundur að mögulegt sé að krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er ráðstöfun sem krafist er endurgreiðslu á var framkvæmd, sbr. *Hrd. 8. júní 2017 í máli nr. 584/2016*. Hafi verið um fleiri en eina ráðstöfun að ræða kemur ennfremur til greina að hafa uppi stighækkandi kröfugerð þannig að miðað sé við þann dag þegar hver ráðstöfun var framkvæmd.

Hafi félag gert samninga sem falla undir 95. gr. a. hfl. sem ekki hafa verið samþykktir af hluthafafundi þá binda þeir ekki félagið og skulu greiðslur samkvæmt þeim ganga til baka að því marki sem þær hafa verið inntar af hendi. Hið sama á við hafi sérfræðiskýrslu ekki verið aflað, sbr. *Hrd. 16. mars 2017 í máli nr. 302/2016*. Af 3. mgr. 95. gr. a. hfl. leiðir síðan að ef ekki er unnt að láta greiðslur ganga til baka getur félag krafist skaðabóta úr hendi þeirra sem tóku þátt í ákvörðun um greiðsluna, framkvæmd eða samþykkt hennar, sbr. 2. mgr. 102. gr. hfl. Með hliðsjón af *Hrd. 20. janúar 2016 í máli nr. 807/2015* og í ljósi þess að þrotabúi tekur við

TÍMARIT LÖGRÉTTU

öllum fjárhagslegum réttindum og skyldum við uppkvaðningu dómsúrskurðar um gjaldþrotaskipti sem annars hefðu fallið til félagsins verður að telja að þrotabú geti haft uppi kröfu samkvæmt 95. gr. a. hfl. Ennfremur má gera athugasemdir við niðurstöðu dómsins um að þrotabú hefði ekki lögvarða hagsmuni af því að hafa uppi í sama máli aðalkröfu byggða á 95. gr. a. hfl. og varakröfu byggða á riftunarreglum gþl. Slíkt er umdeilanlegt þar sem um er að ræða ólík lagaskilyrði. Að mati höfundar ætti þrotabú einmitt að geta haft hagsmuni af því að haga kröfugerð sinni með þessum eða sambærilegum hætti, enda kann það að auka líkur á endurheimt verðmæta búsins.

Sérstaka athygli vekur að þessum lagaúrræðum hefur ekki verið beitt í miklum mæli og fáir dómar liggja fyrir þrátt fyrir hundruð gjaldþrota ár hvert. Leggja má áherslu á að skiptastjóri verði að þekkja þau lagaúrræði sem eru tæk og geta metið hvert þeirra þjóni hagsmunum þrotabúsins best hverju sinni.

TÍMARIT LÖGRÉTTU

HEIMILDASKRÁ:

Aleksander Peczenik, „A Theory of Legal Doctrine“ *Ratio Juris* 2010

Alþingistíðindi

Ása Ólafsdóttir, „Almenn skilyrði riftunar við gjaldþrotaskipti“ í Valtýr Sigurðsson (ritstj.), *Stefánsbók Rit til heiðurs Stefáni Má Stefánssyni (Fons Juris 2018)*

Benedikt Bogason, „Um hugtakið nákomnir í gjaldþrotarétti“ *Útljótur* 2016

Davíð Þorláksson, „Sjálfsfjármögnunarbann: Um 2. mgr. 104. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995“ *Útljótur* 2004

Eilís Ferran, *Principles of Corporate Finance Law*, New York 2008

Einar Arnórsson, *Íslenskur skiftaréttur (Handrit)*, Reykjavík 1924

Eirik Werlauff, *Generalforsamling og beslutning en aktieretlig studie i generalforsamlingsbeslutningers indhold, tilblivelse og anfægtelse*, Kaupmannahöfn 1983

Erik Werlauff, *Selskabsret*, Kaupmannahöfn 2006

Freyr Björnsson, „Samningar félags við tengda aðila: um 95. gr. a. í lögum um hlutfélög nr. 2/1995“ *Tímarit lögfræðinga* 2014

Morten Samuelsson, Kjeld Søgaard, *Bestyrelsesansvaret*, Kaupmannahöfn 1997

Stefán Már Stefánsson, *Hlutfélagaréttur*, Reykjavík 2013

Stefán Már Stefánsson, *Íslenskur gjaldþrotaréttur*, Reykjavík 1982

Stefán Már Stefánsson: „Sjóðir hlutfélaga, færsla þeirra og upplausn“ *Tímarit lögfræðinga* 2016.

Stig Berge, Lars Eirik Gåseide Røså, *Avtaler med aksjeeiere mv.*, Kaupmannahöfn 2015

Søren Friis Hansen, Jens Valdemar Krenchel, *Dansk selskabsret 1 inledning til selskabsretten*, Kaupmannahöfn 2006

Søren Friis Hansen, Jens Valdemar Krenchel, *Lærebog i selskabsret II : kapital-selskaber*, Kaupmannahöfn 2000

Terry Hutchinson og Nigel Dunchan, „Defining and Describing What We Do: Doctrinal Legal Research“ *Deakin Law Review online* 2012

Thomas Abrahamsen og Sindre Aase, „Aksjeloven/almennaksjeloven § 3–8 – en regel om avtaler mellom selskap og aksjonæ“ *Nordisk Tidsskrift for Selskapsrett* 2007

Viðar Már Matthíasson, *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*, Reykjavík 2011

TÍMARIT LÖGRÉTTU

DÓMASKRÁ:

Hæstaréttardómar:

Hrd. 30. júní 1992 í máli nr. 257/1992
Hrd. 3. nóvember 1995 í máli nr. 357/1995
Hrd. 30. apríl 1998 í máli nr. 309/1997
Hrd. 6. desember 2001 í máli nr. 210/2001
Hrd. 1. september 2003 í máli nr. 257/2003
Hrd. 30. mars 2006 í máli nr. 155/2006
Hrd. 5. október 2006 í máli nr. 81/2006
Hrd. 20. desember 2007 í máli nr. 212/2007
Hrd. 5. júní 2008 í máli nr. 385/2007
Hrd. 22. september 2008 í máli nr. 469/2008
Hrd. 30. mars 2010 í máli nr. 427/2009
Hrd. 24. febrúar 2011 í máli nr. 328/2010
Hrd. 10. maí 2012 í máli nr. 518/2011
Hrd. 29. nóvember 2012 í máli nr. 208/2012
Hrd. 7. febrúar 2013 í máli nr. 457/2012
Hrd. 13. júní 2013 í máli nr. 705/2012
Hrd. 19. nóvember 2013 í máli nr. 703/2013
Hrd. 27. febrúar 2014 í máli nr. 664/2013
Hrd. 4. desember 2014 í máli nr. 786/2013
Hrd. 19. febrúar 2015 í máli nr. 483/2014
Hrd. 27. ágúst 2015 í máli nr. 495/2015
Hrd. 10. september 2015 í máli nr. 3/2015
Hrd. 20. janúar 2016 í máli nr. 807/2015
Hrd. 16. mars 2017 í máli nr. 302/2016
Hrd. 8. júní 2017 í máli nr. 584/2016
Hrd. 1. febrúar 2018 í máli nr. 720/2016
Hrd. 20. september 2018 í máli nr. 644/2017
Hrd. 17. maí 2018 í máli nr. 325/2017

Landsréttardómar:

Dómur Landsréttar 9. nóvember 2018 í máli nr. 181/2018
Dómur Landsréttar 1. febrúar 2019 í máli nr. 215/2018

TÍMARIT LÖGRÉTTU

Dómur Landsréttar 1. febrúar 2019 í máli nr. 216/2018

Héraðsdómar:

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. nóvember 2017 í máli nr. E-1051/2016

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 2019 í máli nr. E-2377/2018

Úrskurðir yfirvalda:

Úrskurður yfirskattaneftndar í máli nr. 307/2014